

125. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18, 3. mars 2020 og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Arnbjörg Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Hjördís Dögg Grímarsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara grunnskóla, Anna Kristjánsdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna, Ingunn Ríkharðsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Salbjörg Ósk Reynisdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólakennara, Ágústa Andrésdóttir forstöðumaður íþróttamannvirkja, Heiðrún Janusardóttir áheyrnarfulltrúi, Guðjón Snær Magnússon áheyrnarfulltrúi ungmenna, Guðrún Hjörleifsdóttir varaáheyrnarfulltrúi starfsfólks grunnskóla, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri og Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Fundargerð ritaði: Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2002402 - Læsisstefna leikskólanna á Akranesi

Kynning á nýrri læsisstefnu leikskólanna á Akranesi.

Guðrún Bragadóttir aðstoðar/sérkennslustjóri í leikskólanum Akraseli, Vilborg Valgeirsdóttir aðstoðar/sérkennslustjóri í leikskólanum Vallarseli, Ingunn Sveinsdóttir aðstoðar/sérkennslustjóri í leikskólanum Garðaseli, Íris Sigurðardóttir aðstoðar/sérkennslustjóri í leikskólanum Teigasel, Ingunn Ríkharðsdóttir áheyrnarfulltrúi stjórnenda í leikskólum og Salbjörg Ósk Reynisdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólakennara sitja fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð fagnar metnaðarfullri vinnu aðstoðar/sérkennslustjóra leikskólanna við þróunarverkefnið- læsisstefna fyrir leikskólana. Um er að ræða mikilvæg gögn sem munu nýtast starfsmönnum leikskólanna og foreldrum. Innleiðing stefnunnar mun hefjast nú þegar og munu foreldrar fá sendar til sín upplýsingar frá leikskólunum.

2. 1908147 - Bæjarstjórn unga fólksins 2019

Ylfa Örk Davíðsdóttir fylgir eftir erindi sínu um forvarnarmál frá bæjarstjórnarfundi unga fólksins.

Ylfa Örk Davíðsdóttir fulltrúi ungmennaráðs, Guðjón Snær Magnússon áheyrnarfulltrúi ungmennaráðs, Ívar Orri Kristjánsson deildarstjóri í Þorpinu, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi stjórnenda í Grundaskóla, Arnbjörg Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi stjórnenda í Brekkubæjarskóla, Hjördís Dögg Grímarsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara í Grundaskóla, Guðrún Hjörleifsdóttir varaáheyrnarfulltrúi kennara í Brekkubæjarskóla, Anna Kristjánsdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra barna í Grundaskóla og Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri æskulýðs- og forvarnarmála sitja fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð þakkar Ylfu Örk Davíðsdóttur fyrir að vekja athygli á mikilvægu máli sem varðar allt samfélagið.

BD

Við síðustu fjárhagsáætlunargerð samþykkti bæjarstjórn að leggja eina milljón aukalega til forvarnarstarfs á þessu ári.

3. 1906107 - Forvarnarmál Akraneskaupstaðar

Fjármagn til forvarnaverkefna.

Sigurður Arnar, Arnbjörg, Hjördís Dögg, Guðrún, Ívar Orri, Guðjón Snær, Anna, Ylfa Örk og Heiðrún sitja fundinn áfram undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð fagnar þeirri niðurstöðu í afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020 að framlag til forvarnastarfs meðal ungmenna á Akranesi hafi verið aukið sem nemur einni milljón króna.

Ráðið óskar eftir tillögum ungmennaráðs og Brúarinnar, samstarfsvettvangs um forvarnir, um leiðir til þess að nýta fjármagnið sem best í þágu velferðar ungmenna. Óskað er eftir að tillögum verði skilað á næsta fundi skóla- og frístundaráðs 17. mars nk.

4. 1909275 - Sæti í stúku við Akranesvöll.

Umræða um endurnýjun á sætum í stúku við Akranesvöll.

Ágústa Andrésdóttir forstöðumaður íþróttamannvirkja, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Hörður Kári Jóhannesson verkefnastjóri sitja fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð þakkar Sigurði Páli Harðarsyni, Ágústu Andrésdóttur og Herði Kára Jóhannessyni fyrir kynningu á hugmyndum og kostnaði á endurnýjun á sætum í stúku við Akranesvöll.

Afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar.

5. 1909036 - Nýting á tómsundaframlagi 2019

Kynning á heildarnýtingu á tómsundaframlagi á árinu 2019.

Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri æskulýðs- og forvarnarmála situr fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð þakkar verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði fyrir upplýsingarnar og fagnar því að meiri nýting hafi verið á tómsundastyrk á árinu 2019. Umræða um tómsundastyrk til 5 ára barna er vísað til næstu fjárhagsáætlunargerðar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.

Bára Dáðadóttir
 Reagnar Samundsson
 Sandra M. Sgungjansdóttir